



KÓTILETTUKVÖLD!

Laugardagskvöldið **30. nóvember kl. 19:00** verður kótilettukvöld í Valsárskóla til styrktar ferðasjóði 9.-10. bekkjar. Kaffi og ís á eftir.



Frítt fyrir leikskólabörn,
grunnskólabörn í 1.-4. bekk 1.000 kr.,
5.-10. bekkjar 2.000 kr. og
fullorðnir 4.000 kr.

Skrá skal þátttöku inná facebook síðunni margfrægu, Svalbó-allskonar, eða hjá Hilmarí Dúa í síma 897-2588. Skráningar þurfa að berast fyrir klukkan 18:00 þriðjudaginn 26. nóvember.

Vonandi sjáum við sem flesta!

Ferðasjóður 9.-10. bekkjar

UPP MEÐ DANSSKÓNA - FRESTAÐ FRAM YFIR ÁRAMÓT

Nú eru Ströndungar greinilega byrjaðir á jólaundirbúningi og þar sem fáir mættu á dansnámskeiðið var ákveðið að fresta því fram yfir áramót. Við hefjum því leik á nýju ári og setjum á okkur dansskóna í janúar og febrúar 2020. Kennari verður Anna Breiðfjörð sem allir Norðlendingar vita að er stórflinkur danskennari.



Nánari upplýsingar um tímasetningu og skráningu verða settar á heimasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur.

Allt dansáhugafólk er hvatt til að koma og dansa með, ungir sem aldnir og dansarar úr nágrennasveitarfélögum eru sérstaklega velkomnir.

ÚTGÁFUGLEÐI Í SIGLUVÍK 15.-17. NÓVEMBER

Verið hjartanlega velkomin í *Útgáfugleði Blúndu og blóma* nú um helgina!

Nú gefst gullið tækifæri til að sjá og kaupa hönnun, handverk, bækur og mat beint af fólkinu sem fékk hugmyndirnar og kom þeim í verk.



Einnig verður hægt að skrá sig í svæðameðferð eða markþjálfunartíma á staðnum.

Gleðin hefst strax annað kvöld, opið kl. 20-22:30, laugard. kl. 13-22 og sunnud. kl. 13-17.

Ljúfasta stemning og léttar veitingar,

Kikka, Biggi og öll hin sem að sýningunni standa.

SAMEVRÓPSKA NÝTNIVIKAN

Heil og sæl sveitungar góðir, mig langaði að senda ykkur örlitla hvatningu varðandi nýtingu og endurvinnslu og vekja athygli á að í næstu viku hefst Samevrópska nýtnivikan - The European Week for Waste Reduction, stendur hún frá 16.-24. nóvember. Verkefnið hófst árið 2009 og eru ýmsir viðburðir og verkefni haldin í borgum og bæjum vítt og breytt um Evrópu. Tilgangurinn er að vekja fólk til vitundar um betri hegðun gagnvart umhverfinu, draga úr neyslu t.d. með því að endurnýta, endurvinna og ekki síst að samnýta ef mögulegt er. Þótt við hér á Svalbarðsströnd séum ekki með sérstakan viðburð tengdan þessu trúi ég því að við séum jafnt og þétt að verða virkari og öruggari með okkur í flokkun og endurvinnslu og að við getum nýtt okkur viku sem þessa sem hvatningu til frekari aðgerða í þessum efinum.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á ensku á vefsíðunni <https://www.ewwr.eu>

SNYRTISTOFAN SVEITASÆLA

Er staðsett á Lamb Inn Öngulsstöðum.

Hægt að fá allar helstu snyrtimeðferðir, nánari upplýsingar um meðferðir sem eru í boði og verð eru inná Facebook. Gjafabréf í dekur er tilvalin gjöf við öll tækifæri, þú velur ákveðna meðferð eða upphæð að eigin vali. Best er að hringja í mig ef þið viljið nálgast gjafabréf. Er með hágæðavörur frá Comfort Zone.

Er með opið mánudaga kl. 12:00-18:00, þriðjudaga kl. 14:00-16:00, miðvikudaga kl. 12:00-18:00, fimmtudaga kl. 9:00-16:00 og föstudaga 9:00-14:00.

Tímapantanir í síma 833-7888 milli kl. 9:00-17:00 á daginn. Eftir kl. 17:00 og um helgar svarar símsvari.

Eln Halldórsdóttir snyrtifræðingur

BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

NÆSTU RUSLADAGAR

21. nóvember - Gráa / brúna tunnan

28. nóvember - Græna tunnan

5. desember - Gráa / brúna tunnan

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 12. desember.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 10. desember.